

Nd.

553. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907 um stofnun brunabótafjellags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. g.

Aftan af fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli setningin:
»enn fremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða«.

Á eftir sömu málsgrein komi ný málsgrein, þannig:

Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár, sem trygð er í fjelaginu, nemi aldrei meira en $\frac{1}{3}$ af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meira en 2 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 2. greinar komi:
800 þúsund kr.

3. gr.

Fyrir »skipakví« í niðurlagi 4. greinar komi:
höfn.

Aftan við sömu grein bætist:

með takmörkunum þeim, er felast í 2. málsgrein 1. greinar, þangað til endurtrygging fæst samkvæmt 6. grein.

4. gr.

Fyrir orðin í upphafi 6. greinar: »Fjelaginu er skylt að endurtryggja« komi:

Ef endurtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi Stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja.

5. gr.

Fyrir orðin í fyrri málsgrein 7. greinar: »er, og þannig aldrei«, komi:
kann að verða, og þá ekki.

6. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgrein í 9. grein laganna, »sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum«, komi:

eftir sömu reglum sem aukaútsvari.

7. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 13. greinar komi:
800 þúsund kr.

Úr annari málsgrein sömu greinar falli burt, »að viðbættum 4% í árlega vöxtu«.

Enn fremur falli burt úr sömu málsgrein, »að meðtöldum vöxtum«.
Síðasta málsgrein sömu greinar orðist svo :

Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu allt að 20 þúsund kr. sem starfsfje. Endurborga skal þetta af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 5% af allri þeirri upphæð, er fjelagið ábyrgist.

8. gr.

2. málsgrein 14. greinar laganna (»Áður en nokkurt hús tilkall til hússins«) falli burt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þessar inn í meginmál laga nr. 58, 22. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út, þannig breytt, sem lög um stofnun brunabótafjelags Íslands.